

Tillaga	A 1946/PRE
Flytjandi	Forsætisnefnd
Afgreidd af	Forsætisnefnd
Fylgiskjöl	Fylgiskjal 1 - Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2023–2027

Forsætisnefndartillaga um stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum

Forsætisnefnd leggur til að Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að samþykkja Stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum

Bakgrunnur

Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2018-2022 var einróma samþykkt á þingi ráðsins í Helsinki 2017. Sú stefna gildi til ársins 2022 og ákvað forsætisnefnd því á fundi sínum í desember 2021 að komið yrði á vinnuhópi með fulltrúum frá mismunandi svæðum og flokkahópum til að vinna að nýrri alþjóðastefnu.

Sæti í starfshópnum áttu:

Erkki Tuomioja, formaður

Lulu Ranne, varaformaður

Jorodd Asphjell

Hanna Katrín Friðriksson

Hans Wallmark (en staðgenglar hans voru annars vegar Wille Rydman og hins vegar Helge Orten)

Lorena Delgado Varas (Christian Juhl, varafulltrúi)

Rasmus Emborg, Norðurlandaráði æskunnar

Ferli:

Starfshópurinn hefur fjallað um tillögur sérfræðinga í utanríkis- og öryggismálum, fagnefnda Norðurlandaráðs og fulltrúa landsdeilda Grænlands, Færeyja og Álandseyja í Norðurlandaráði. Þá komu fulltrúar í forsætisnefnd með tillögur á málþingi í tengslum við sumarfundinn á Álandseyjum í júní 2022 og var skjalið formlega samþykkt á fundi forsætisnefndar 15. desember í Kaupmannahöfn. Skrifstofur landsdeildanna og flokkahópanna sem og skrifstofa Norðurlandaráðs hafa haft virka aðkomu allt ferlið.



Sjónarmið forsætisnefndar

Norðurlandaráð er opið og á í nánú samstarfi við fjöldamörg samtök, alþjóðleg, svæðisbundin og tengd þjóðþingum. Þessi stefna tekur mið af fyrstu stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum (2018-2022) og skilgreinir stefnumörkun og langtímamarkmið ráðsins í alþjóðamálum. Stefnan leggur fram skýr markmið fyrir alþjóðastarf Norðurlandaráðs og þar koma einnig fram makmið og tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu ríkisstjórnanna.

Norðurlöndum, 1. mars 2023

Jorodd Asphjell (A)

Annette Lind (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Heléne Björklund (S)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heidi Greni (Sp)

Helge Orten (H)

Maria Stockhaus (M)

Kathy Lie (SV)

Anna Starbrink (L)

Lorena Delgado Varas (V)